



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 16. apríl 2024 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir og Einar Gíslason.

Aðrir: Hlíf Sturludóttir, Raket Sigurðardóttir, Sæþór Fannberg Jónsson og Silja Dögg Ósvaldsóttir.

1. Yfirferð ársreiknings 2023

Hlíf Sturludóttir kynni ársreikning Fákis fyrir fjárhagsárið 2023.

Vegna framkominna athugasemda fyrrum gjaldkera fékk félagið óháðan skoðunaraðila til að fara yfir bókhald og ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2023. Gerir skoðunarmaður engar athugasemdir við bókhald eða uppgjör félagsins fyrir árið 2023.

Skoðunarmenn kosnir á aðalfundi 2023 gera ekki athugasemdir við ársreikninginn.

Stjórn samþykkir samhljóða ársreikninginn.

2. Boðun aðalfundar

Stjórn samþykkir að boða til aðalfundar 30. apríl 2024. Fyrir utan hefðbundna dagskrá verður tveimur liðum bætt við en það er heimild til stjórnar um byggingu reiðhallar í Víðidal í samstarfi við félagsmenn og heimild til stjórnar að selja óbyggðar byggingalóðir í Faxabóli.

3. Afnotasamningur við Reykjavíkurborg

Fyrir fundinum liggja drög að afnotasamningi um land sem afmarkast af landi norðan Breiðholtsbrautar og sunnan stóra hringvallar. Einnig land í kringum Dýraspítalann. Með þessum samningi getur Fákur úthlutað til félagsmanna svæði til beitar auk þess sem félagið myndi fá formlegan umráða- og afnotarétt á kerrusvæði félagsins.

Samþykkir stjórn samninginn samhljóða.

Fundi slitið 18:15.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason